

Jafnlaunastefna Kletts

Jafnlaunastefna Kletts sölu og þjónustu ehf er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins og gildir fyrir alla starfsmenn félagsins. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85:2012, kafla 4.2. Klettur fylgir ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Kletts þau réttindi sem koma fram í 6.gr laganna.

Klettur greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem viðkomandi starf gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna Kletts að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 9. og 10. mgr. 2. gr. og 19. gr. fyrrnefndra laga. Klettur fylgir öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Klettur sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Klettur hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Forstjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt.

Samþykkt á framkvæmdarstjórafundi þann 22.07.2021